



**ALÞJÓÐA
SKÓLINN** á Íslandi

Alþjóðaskólinn **Starfsáætlun 15-16.docx**

Skólaárið 2015-2016

Garðabær, 2. September 2015

Skjalbótt af '00000000000' dags: 24.03.2026

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Forföll nemenda	3
Leyfi frá skóla	3
Skóladagatal	4
Skóladagur nemenda	4
Mötuneyti	4
Tilhögun kennslu	5
Upplýsingar um nemendur	5
Starfsmenn	6
Skipurit	6
Stjórn skólans	7
Foreldrafélag	7
Stoðþjónusta	7
Sérkennsla	7
Öryggi nemenda	8
Sálfræðiþjónusta	8
Skólaheilsugæsla	8
Túlkþjónusta	9
Tómstundarheimili	9
Tómstundarstarf	9
Skólareglur	9

Inngangur

Samkvæmt 29 gr. grunnskólalaga ber hverjum grunnskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaeyfis, páskaeyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um starfslið skólans, stjórnkerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaár. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitastjórnar um fyrirkomulag skólahalds. Hér birtist starfsáætlun Alþjóðaskólans á Íslandi fyrir skólaárið 2013-2014

Alþjóðaskólinn á Íslandi

Símanúmer skólans: 590-3106 / 690-3100

Skólastjóri: Guðrún Hanna Hilmarsdóttir

Administrative Assistant: Ann Thorsson

Húsvörður: - Sigurður Guðleifsson. sími: 820-8520

Tómstundarheimilið Sælukot: Hildur Harðardóttir, hildurha@sjalandsskoli.is

Bréfsími: 590-3110

Netfang: isi@internationalschool.is

Heimasíða: www.internationalschool.is

Forföll nemenda

Forráðamenn tilkynna forföll nemenda fyrir upphaf skóladags til skólans í síma 590-3106/ 690-3100 eða á netfangið admin@internationalschool.is Einnig geta foreldrar sent sms til umsjónarkennara nemandans.

Leyfi frá skóla

Ef nemandi þarf að fá leyfi skal haft samband við umsjónarkennara, en sé um lengri tíma að ræða en þrjá daga skal sækja um það hjá skólastjóra. Það er á ábyrgð foreldra/forráðamanna að sjá til þess að nemendur vinni upp það námsefni sem þeir missa af í lengra leyfi.

Skóladagatal

Samkvæmt skóladagatali eru skóladagar nemenda 180. Kennsludagar nemenda eru 172 og skertir dagar eru skólaárið 2015-2016 eru alls átta. Skertir dagar eru það þegar nemendur mæta aðeins hluta úr degi. Þeir dagar eru opið hús við upphaf skólaárs, fyrsti skóladagur, þrír foreldradagar, dagur vegna jólaskeppmtunar, dagur vegna öskudagsskeppmtunar og skólaslitadagur. Kennsla fellur niður í jólaeyfi nemenda sem er frá 19. desember - 5. Janúar. Vetrarleyfi er 13. febrúar til og með 21. febrúar og páskaleyfi er 19. mars til og með 28. Mars. Einnig fellur kennsla niður vegna fimm skipulagsdaga kennara á skólaárinu, þ.e. 28. og 29. október, 15. febrúar og 17. maí.

Skóladagur nemenda

Skólastarf hefst kl. 8:05 og lýkur almennt kl. 14:05. Auk þess stendur nemendum til boða ýmis tungumálanám, heimanám og önnur námskeið til boða eftir skóla.

Skólalúsnæðið er opið frá kl. 7:30 á morgnana og starfsfólk mætir kl. 8:00. Nemendur geta mætt í skólann fyrir kl. 8:00 á morgnana og beðið á sínu heimasveiði en formleg gæsla hefst ekki með nemendum fyrr en kl. 8:05. Eftir að skóla lýkur á daginn býðst yngstu nemendum lengd viðvera í Sælukoti sem starfrækt er á vegum Garðabæjar.

Yngri nemendur skólans (5 ára -6. bekkur) fá 20 mínútna nestistíma og 30 mínútna hádegishlé. Í nestistímanum er létt hressing í kennslustofunni en í hádegishléi er borðað í matsalnum. Nemendur koma með nesti að heiman en eiga þess einnig kost að kaupa hádegismat í skólanum. Alþjóðaskólinn er með hnetulausa matarstefnu. .

Frímínútur eru tvisvar sinnum á dag. Annars vegar í 20 mínútur á morgnana (9:40 – 10:00) og hinsvegar fyrir hádegismat (12:10-12:30). Nemendur fara út í frímínútur.

Eldri nemendur skólans (7. og 8. bekkur) fá 20 mínútna nestis/ og eða frítíma á morgnana og 40 mínútna nestis/og eða frítíma í hádeginu.

Allir nemendur skólans sækja íþróttakennslu í íþróttasal Sjálandsskóla einu sinni í viku í 60 mínútur. Auk þess fá nemendur 20 mínútur á viku í skipulögðum leikjum með kennara í útifrímínútum. Nemendur í 1.-8. bekk sækja sundkennslu í sundlaug Sjálandsskóla einu sinni í viku í 60 mínútur. Í sundkennslunni er hefðbundin sundkennkennsla í sundgreinum í 40 mín og 20 mínútur fara í sundleikfimi og skipulagða leiki í vatni.

Mötuneyti

Garðabær hefur gert samning við Skólamat sem sér um framleiðslu og framreiðslu á heitum mat fyrir nemendur í hádeginu. Nemendur geta verið í áskrift alla daga vikunnar eða suma daga. Skólamatur selur einnig síðdegishressingu í tómstundaheimilinu. Nemendur sem koma með nesti að heiman hafa aðgang að örbylgjuofni og samlokugrilli. Eldri nemendur hafa einnig aðgang að heitu vatni. Hægt er að fá ískalda mjólk í áskrift. Nánari upplýsingar um matseðla o.fl. er að finna á www.skolamatur.is

Tilhögun kennslu

Nemendur nemendur Alþjóðaskólans geta valið um að stunda nám á tvítyngdri námsbraut eða enskri námsbraut. Á tvítyngdri námsbraut fer námið 60% fram á íslensku og 40% á ensku. Á enskri námsbraut fer námið eingöngu fram á ensku auk þess sem nemendur fá kennslu í íslensku. Fyrir utan kjarnagreinarnar, ensku, íslensku og stærðfræði kennir skólinn samkvæmt alþjóðlegri námsskrá *The International Primary Curriculum (IPC)*. Auk þess fá nemendur Alþjóðaskólans tónmenntar- og smíðakennslu hjá kennurum Sjálandsskóla.

Skipulag náms hjá 7. og 8. bekk er sett upp að alþjóðlegri fyrirmynd. Þ.e. nemendur fá kennslu í 8 námsgreinum og hægt er að velja um tvær námsleiðir, þ.e. enska námsbraut og tvítyngda námsbraut.

Subject Groups are:

Language A

Language B

Math

Science

Humanities

Physical Education and Health

Product Design and Digital Design

The Arts (music, visual arts and Theatre)

Auk þess er boðið upp á language C, nemendum að kostnaðarlausu

Upplýsingar um nemendur

Í upphafi skólaárs eru 74 nemandur við skólann, 33 drengir og 41 stúlka.

Yfirlit yfir bekki, fjölda drengja, stúlkna og umsjónarkennara


Bekkur	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennari
Öxará (k-1)	6	4	10	Kirsten Kummerfeld
Öxará (2)	6	6	12	Úlfhildur Ólafsdóttir
Glerá (3-4)	4	11	15	Lára Stefánsdóttir
Elliðaá (5-6)	3	9	12	Karen Ragnarsdóttir
Laxá (2-4)	4	2	6	Lucy Averell
Fossá (6-8)	11	8	19	Justin Shouse og Hafdís Helgadóttir
Samtals:	34	40	74	

Starfsmenn Alþjóðaskólans

Við skólann starfa 15 starfsmenn þar af eru 9 kennarar og 6 aðrir starfsmenn, þ.á.m. stjórnendur og stuðningsfulltrúar. Auk þess kaupir Alþjóðaskólinn þjónustu af Sjálandsskóla hvað varðar þrif, húsvörslu o.fl.

Nafn	Starfsheiti	Netfang
G. Hanna Hilmarsdóttir	Skólastjóri	hanna@internationalschool.is
Berta L. Faber	Head of Academics	berta@internationalschool.is
Pamala Hansford	Enskukennari, Humanities	pam@internationalschool.is
Kirsten Kummerfeld	Umsjón, IPC kennari,art	kirsten@internationalschool.is
Hafdís Helgadóttir	Umsjón, raungreinar	hafdis@internationalschool.is
Karen Ragnarsdóttir	Umsjónarkennari/stærðfræði	karen@internationalschool.is
Lára Stefánsdóttir	Umsjón, IPC, íslenska	lara@internationalschool.is
Úlfhildur Ólafsdóttir	Umsjón, íslenska, IPC	ulfhildur@internationalschool.is
Lucy Averell	Umsjón, enska	lucy@internationalschool.is
Justin Shouse	Umsjón,Íþróttir og sund	justin@internationalschool.is
Beth Rogers	Upplýsingatækni	beth@internationalschool.is
Ann Thorsson	Administrative Assistant	ann@internationalschool.is
Elísa Línadóttir	Sértækur stuðningur	elisa@internationalschool.is
Gunnhildur Birgisdóttir	Stuðningsfulltrúi	gunnhildur@internationalschool.is
Julio Romero	Kennari og stuðningur	julio@internationalschool.is

ORGANIZATION OF THE INTERNATIONAL SCHOOL OF ICELAND



School Board – Stjórn skólans

The School Board is made up of 7 members, including representation from the diplomatic and business communities in Iceland. They bring a great deal of expertise in both the educational and social work fields.

School Board members – Stjórn skólans skipa:

Berta Faber, Chairperson, Head of Academics (ISI)

Paul O’Friel, Charges d’Affaires, US Embassy

Jón Diðrik Jónsson, Managing Director, Draupnir Fjárfestingafélag

Ellen Guðlaugsdóttir, Social worker, parent at ISI

Oddný Ejólfssdóttir, Educator, former superintendent of primary schools in Garðabær

Elizabeth Nunberg, Founding member and educator (Hjallastefnan)

Helga Valfells, Managing Director, New Business Venture Fund (NSA)

School Council – Skólaráð

The School Council is made up of 9 members, including the principal and representation from the students, parents and staff of ISI as well as other community members. The School Council is a forum for cooperation between the principal and the school community regarding school operations and activities. The council meets regularly to discuss school developments.

The purpose of council meetings, which are led by the principal, are to discuss various school topics and hear the opinions of different stakeholders.

School Council members - Skólaráð skólans skipa:

Hanna Hilmarsdóttir, skólastjóri
Elva María Magnúsdóttir
Gunilla Eberhard
Gunnar Þórisson
Kirsten Kummerfeld
Lára Stefánsdóttir
Sigrún Boatwright
Two ISI students

Parents Assosiaton - Foreldrafélag

Markmið félagsins er að efla samstarf heimila og skólans þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi. Einnig það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda.

Stjórnina skipa 6 fulltrúar foreldra valdir úr röðum sjálfboðaliða og skiptir stjórnin með sér verkum. Félagið tekur þátt í að skipuleggja m.a. eftirtalda atburði: Bókamessu, Hrekkjavökuskemmtun, Spilakvöld, Carnival á vorin auk þess sem félagið stendur fyrir ýmsum uppákomum og fræðslu fyrir foreldra og rekur barnabókaklúbb. Aðalfundur félagsins er haldinn í maí, ár hvert með hefðbundinni aðalfundardagskrá.

Aðalfundur Foreldrafélagsins verður haldinn í september og gæti stjórnin tekið breytingum eftir hann. Skólaárið 2014 skipuðu eftirfarandi stjórn foreldrafélagsins:

Sigrún Boatwright, Chairperson
Elizabeth Lay, Vice-Chair
Erlendur Eiríksson, Treasurer
PTA – share, Secretary
Joseph Oyeniyi Ajayi, Board member
Gígja Sprigg – Ottadóttir, Board Member
Kirsten Kummerfeld, Teacher Representative

Stoðþjónusta

Sérkennsla

Í grunnskólalögum er kveðið á um að skólinn skuli haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir hvers nemanda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi í grunnskólum og sveitarfélögum er skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi kennslu.

Í Alþjóðaskólanum er leitast við að finna leiðir til að mæta þessu hlutverki á sem bestan hátt og gera námið sem skilvirkast.

Helstu markmið sérkennslu eru:

- að styrkja sjálfsmynd nemenda
- að nemendur fái kennslu í samræmi við þroska og getu
- að styrkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum
- að treysta samskipti við foreldra sem best.

Fyrirkomulag sérkennslu

Sérkennsla í Alþjóðaskólanum skiptist í eftirtalda þætti:

- Kennsla nemenda með einstaklingsnámskrá. Kennsla sem felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/ eða kennsluaðstæðum.
- Stuðningsmiðuð kennsla. Ekki er vikið verulega frá bekkjarnámskrá.
- Íslenskukennsla, ætluð nemendum sem ekki hafa íslensku sem móðurmál eða hafa dvalið langdvölum erlendis.
- Enskukennsla, ætluð nemendum sem hafa annað móðurmál en ensku.

Nemendur fá sérkennslu samkvæmt greiningu sérfræðinga og greinandi skimunar prófum, ábendingum ýmissa aðila, svo sem leikskólakennara, kennara, skólastjórnenda og foreldra. Ekki er einn ákveðinn aðili ráðinn inn í skólann til að sjá um sérkennslu heldur er hennar leitað bæði til einka- og opinberra aðila, allt eftir þörfum hvers nemanda og ríkisfangi.

Öryggi nemenda

Þegar vá steðjar að vegna utanaðkomandi þátta s.s. veikindafaraldra, óveðurs, eða náttúruhamfara er unnið samkvæmt áætlun almannavarna. Áætlunin er kynnt reglulega og er aðgengileg á vef skólans og Garðabæjar.

Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun er í gildi og hangir uppi í öllum rýmum skólans. Áætlunin er kynnt árlega og haldin rýmingaræfing. Í kjölfar æfingar er áætlunin endurmetin og breytingar gerðar ef þurfa þykir.

Sálfræðipjónusta

Hlutverk skólasálfræðings er fyrst og fremst sálfræðileg greining á vanda í námi eða líðan nemanda. Sálfræðingur veitir ráðgjöf til nemenda, foreldra og starfsmanna skólans vegna náms- eða tilfinningavanda nemanda en ekki meðferð þeirra.

Bæði starfsmenn skólans og foreldrar geta óskað aðstoðar hans og skal það gert á sérstökum eyðublöðum.

Skólasálfræðingur, á vegum Garðabæjar, starfar í skólanum í hlutastarfi.

Skólasálfræðingur greinir foreldrum frá niðurstöðum sínum um þær greiningar sem framkvæmdar eru á fundi með umsjónarkennara og deildarstjóra viðkomandi stigs.

Skólaheilsugæsla

Skólaheilsugæsla er á vegum Heilsugæslunnar í Garðabæ. Skólahjúkrunarfræðingur er Ása Sjöfn Lórens dóttir. Hjúkrunarfræðingur er í skólanum fyrir hádegi alla virka daga nema föstudaga.

Meginmarkmið skólaheilsugæslunnar er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra þannig að þeir fái að vaxa, þroskast og stunda nám sitt við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á.

Starfssemi skólaheilsugæslu er samkvæmt skv. þeim lögum, reglugerðum og tilmælum sem um hana gilda. Í henni felast skoðanir, bólusetningar og heilbrigðisfræðsla, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans.

Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í náinni samvinnu við foreldra/ forráðmenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem veita skólabarninu þjónustu. Starfsfólk heilsugæslunnar er bundið þagnaskyldu. Skólahjúkrunarfræðingur eða starfsmenn skóla veita fyrstu hjálp ef slys ber að höndum. Ef barn veikist í skólanum eða meiðist alvarlega er haft samband við forráðamenn. Því er nauðsynlegt að skólinn hafi símanúmer foreldra/forráðamanna.

Skólahjúkrunarfræðingur, kennari eða skólaliði veita fyrstu hjálp ef slys ber að höndum. Ef barn veikist í skólanum eða meiðist alvarlega er haft samband við forráðamenn. Því er nauðsynlegt að skólinn hafi símanúmer foreldra/forráðamanna.

Túlkapjónusta

Boðið er upp á túlkapjónustu í samskiptum við foreldra og börn þegar þörf krefur á kostnað skólans. Skólinn gerir samning við túlkapjónustu og sér um að panta þjónustuna.

Tómstundaheimili

Lengd viðvera er í boði fyrir nemendur eftir skóla í tómstundaheimili

Dvöl í tómstundaheimili er valkostur sem foreldrar/forráðamenn velja fyrir barn sitt og greiða fyrir. Gjaldskrá er háð ákvæðum bæjarstjórnar Garðabæjar. Nánari upplýsingar er að finna á á vefsíðu Garðabæjar www.gardabaer.is.

Opið er alla skóladaga frá lokum skóladags til kl.17:00. Á skipulagsdögum, í vetrarleyfi og jóla- og páskaleyfi er einnig opið. Börnin koma með nesti að heiman eða eru í áskrift að síðdegishressingu.

Aftther School Clubs

ISI offers a robust after-school program in the form of „clubs“. These courses typically start directly after school and are an hour in length. Every attempt is made to keep the costs low so that the programs are accessible. Multiple languages (Chinese, German, French, Spanish) are on offer, science & math club, computer coding, chess and drama. Additionally, homework support is offered 2 times a week in the form of a „homework club“. The purpose of homework club is to offer a quiet supportive time and place for students. ISI also arranges with outside resources, eg Hraðlestrarskóli to come to school to offer courses.

Annað:

Við sjálandsskóla er starfræktur kór í umsjón Ólafs Schram tónlistarkennara og stendur nemendum Alþjóðaskólans til boða að skrá sig í kórinn.

Haldin eru bekkjarkvöld í hverjum árgangi og gjarnan þá í lok þema í IPC. Jafnframt gista eldri nemendur í skólanum einu sinni á ári.

Reglulega eru uppákomur þar sem nemendur, kennarar og fjölskyldur þeirra koma saman og gera sér glaðan dag. Má þar helst nefna spilakvöld, Halloween skemmtun, Alþjóðlegt þorablót og diskótek.

Eldri nemendur skólans safna fyrir vorferð og fara í skemmtilega reisu á vorin með kennara sínum og fleiri starfsmönnum. Sjálfboðaliðar úr foreldrahópnum fara gjarnan með í þá ferð.

Elstu nemendur skólans safna fyrir útskriftarferð og fara með kennara sínum og fleiri starfsmönnum í ferðalag á vorin.

Skólareglur

Creating a safe and effective learning community is the responsibility of everyone (staff, students, families) in the International School of Iceland community. Our behavioral expectations (“school rules”) were developed by the staff and are intended to reflect the basic principles of Positive Discipline.

Nearly every expected and appropriate behavior fits within the following guidelines, which are discussed with students and staff at the beginning and throughout each school year.

International School of Iceland Community Guideline

Inappropriate behavior will be addressed in a respectful manner focusing on teaching the skills needed for every student to be a part of the school community consistent with Positive Discipline. Depending on the seriousness of the infraction, parents may be notified of a student’s problem behavior and be asked to sign a form, speak to the student, or come to a conference at the school.

For serious problems in which an extended calming down period is necessary for the student or the school, a student may be required to leave school early. The school does not consider

this to be either punishment or a solution to the long-term problem. It is simply the first step before a conference can be held to create a plan to resolve the problem.

This policy is reviewed annually with staff, and the school actively teaches many forms of conflict resolution.

Conflict Resolution at the International School of Iceland

Conflicts and disagreements are a normal and important part of any school community.

Learning how to address conflict respectfully and effectively is important for all of us at the International School of Iceland. The International School community encourages all its members to use conflict resolution strategies to resolve conflicts. Students are taught conflict resolution strategies in each classroom. All school personnel are also trained in conflict resolution and will assist students as necessary in resolving problems in a non-threatening and effective manner. Students may also ask for assistance in resolving conflict with staff members using a trained student or staff mediator.